Fullgild rafræn undirskrift
BJARNI RÚNAR INGVARSSON
2026-11-23 14:03:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

USK26010164

**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2026, mánudaginn 23. nóvember kl. 12.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 71. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Bjarni Rúnar Ingvarsson og Rebekka Guðmundsdóttir.
Fundarritari var Magnús Ársælsson.

**Þetta gerðist:**

***1. Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að umferð vélknúinna ökutækja um Burknagötu víki fyrir umferð um Túnfífilsgötu með biðskyldu, ef umferðarljós verða óvirk.
- Að eystri akrein Túnfífilsgötu á akbraut til norðurs, milli Hringbrautar og Burknagötu, verði einungis ætlaðar akstri viðbragðsaðila.
- Að gönguþverun yfir framhjáhlaup til vesturs af Túnfífilsgötu á Hringbraut, verði merkt sem gangbraut.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

***2. Sérákvæði - Reykjavegur & Hofteigur – fjögur stæði fyrir hreyfihamlaða***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að þrjú bifreiðastæði á bílaplani við skólaþorpið, Reykjavegi, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að eitt bifreiðastæði við austurenda Hofteigs, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

Reykjavík

**3. Bann við umferð hesta á útivistarstígum austan við Mjódalsveg á Hólmsheiði**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að umferð reiðmanna og rekstur hrossa sé bannaður á útivistarstígum austan Mjódalsvegar á Hólmsheiði.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og, eftir því sem við á, yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

**Fundi slitið kl. 12.06**

Bjarni Rúnar Ingvarsson Rebekka Guðmundsdóttir

**Viðtakandi**: Samgöngustjóri
**Sendandi**: Deild samgangna

Reykjavík, 6. nóvember 2026
USK26010083

**TILLAGA**

---

***Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að umferð vélknúinna ökutækja um Burknagötu víki fyrir umferð um Túnfífilsgötu með biðskyldu, ef umferðarljós verða óvirk.
- Að eystri akrein Túnfífilsgötu á akbraut til norðurs, milli Hringbrautar og Burknagötu, verði einungis ætlaðar akstri viðbragðsaðila.
- Að gönguþverun yfir framhjáhlaup til vesturs af Túnfífilsgötu á Hringbraut, verði merkt sem gangbraut.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:
Í tengslum við uppbyggingu Landspítala í Vatnsmýri hefur Túnfífilsgata verið endurgerð, svo hún falli betur að hinu nýja hlutverki sem tengingu milli stofnbrautar og spítala. Við endurgerðina detta út gatnamót Túnfífilsgötu og Vatnsmýrarvegar en á móti verða til ný ljósastýrð gatnamót við Burknagötu. Hluti af endurgerðinni er ný akrein sem einungis er ætluð viðbragðsaðilum.
Túnfífilsgata hét áður Vatnsmýrarvegur og kunna eldri umferðarauglýsingar og gildandi umferðarfyrirmæli því að vísa til þess heitis. Tillagan um að takmarka umferð á eystri akrein Túnfífilsgötu til norðurs er sett fram til að tryggja greiða, örugga og óhindraða leið fyrir viðbragðsaðila í neyðarakstri samhliða uppbyggingu innviða Borgarlínu fyrir almenningssamgöngur og breyttu umferðarskipulagi á svæðinu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Carl Henrik Larsson
*Deild samgangna*

Hjálagt: Teikningar af fyrirhuguðum umferðar- og yfirborðsmerkingum

Reykjavík




| Nr | Merki teikning / Skiltanúmer | Athugasemdir |
|---|---|---|
| 1 | 321 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 2 | 321 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan götuljósastólpa |
| 3 | 204 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan skiltastólpa |
| 4 | 202 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan umferðarljósastólpa |
| 5 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 6 | 202 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan umferðarljósastólpa |
| 7 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |

| | | |
|---|---|---|
| 8 | 416.1 418.2 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan götuljósastólpa |
| 9 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 10 | 418.1 418.2 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan ljósastólpa |
| 11 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 12 | 202 306 NÝTT UMHVERFISMERKI | Núverandi umferðarmerki 202 og 306 fært á nýjan umferðarljósastólpa ásamt nýju undirmerki |
| 13 | 306 NÝTT UMHVERFISMERKI | Núverandi umferðarmerki 306 fest á nýjan skiltastólpa ásamt nýju undirmerki |
| 14 | 202 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan umferðarljósastólpa |
| 15 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan umferðarljósastólpa |

**SKÝRINGAR**

- 202 — Ný eða færð umferðarmerk eru í lit
- Núverandi umferðarmerki óbreytt eru grá. (Ekki innmálað).
- Núverandi umferðarmerki sem á að fjarlægja. Eru grá með rauðum X-yfir

0 10 20 30 40 50
1:500 m

# SPITAL

ASK arkitektar ehf
Efla hf
Lagnatækni ehf
Teiknistofan Tröð ehf
bj.snæ arkitektar
Kanon arkitektar ehf
Landark ehf

(Hafn og kennitala hönnuðar)

Breyting: Dags: Teikn: Yfirf:

**NÝR LANDSPITALI VIÐ HRINGBRAUT**



EFNI: Gatnateikning
Skilti, norður hluti

MÆLIKVARÐI: 1:500
ÁFANGI: Jarðvinna og veitur
Fífilsgata og Hrafnsgata
DAGSETNING: 14.03.2025
TEIKNINGARNÚMER: NLSH09-G10-0182
BREYTING:

Reykjavík




| Nr | Merki teikning / Skiltanúmer | Athugasemdir |
|---|---|---|
| 15 | 404.1 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 16 | 418.1 418.2 | Ný umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 17 | Mautholvik / Keflavík 43 Reykjavík A / Seltjarnarnes 4 Reykjavík | Núverandi vegvísir færður |
| 18 | 500.X 562 | Ný umferðarmerki fest á gíttuljósastólpa |
| 19 | 416.1 418.1 | Ný umferðarmerki fest á nýjan gíttuljósastólpa |
| 20 | 109 516.1 | Ný umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 21 | 202 | Ný umferðarmerki færð á nýja umferðarljósastólpa |
| 22 | 912.1 | Nýtt umferðarmerki fært á nýjan skiltastólpa |
| 23 | 516.2 | Nýtt umferðarmerki fært á nýjan skiltastólpa |
| 24 | 404.1 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan skiltastólpa |
| 25 | 912.1 | Núverandi umferðarmerki fært á nýjan skiltastólpa |
| 26 | 500.XX | Ný umferðarmerki fest á sama stað og tímabundin skreinamerki sem eru tekin niður annað á tvo skiltastólpa og hitt á gíttuljósastólpa |
| 27 | 500.XX | Nýtt umferðarmerki fest á sömu stólpa og tímabundið skreinamerki sem er tekið niður |
| 28 | 500.XX | Nýtt umferðarmerki fest á gíttuljósastólpa, sama stólpa og tímabundið skreinamerki er tekið niður af. |
| 29 | 500.XXX | Ný umferðarmerki fest á nýja gíttarstólpa |
| 31 | 500.X 562 563 | Ný umferðarmerki fest á nýjan skiltastólpa |
| 32 | 563 | Nýtt umferðarmerki fest á nýjan gíttuljósastólpa |

# SPITAL

ASK arkitektar ehf
bj.snæ arkitektar
Efla hf
Kanon arkitektar ehf
Lagnatækni ehf
Landark ehf
Teiknistofan Tröð ehf

(Nafn og kennitala hönnuðar)

Breyting: Dags: Teikn: Yfirf:

NÝR LANDSPITALI VIÐ HRINGBRAUT



EFNI: Gatnateikning Skilti, suður hluti

MÆLIKVARDI: 1:500
ÁFANGI: Jarðvinna og veitur Fífilsgata og Hrafnsgata
DAGSETNING: 14.03.2025
TEIKNINGARNÚMER: NLSH09-G10-0183
BREYTING:

Reykjavík

# RE: Sérákvæði um umferð - Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu

| | |
|---|---|
| Móttekið | 16.11.2026 14:38:45 |
| Búið til dags. | 16.11.2026 14:47:19 |
| Tilheyrir | USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026 |
| Frá | Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is) |
| Til | Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is |

Innihald

Sæll Bjarni.

Takk fyrir svarið sem er gott að vanda frá þér. Þessi akrein ( fyrir viðbragðsaðila) gæti orðið svolítil „ bastarður".

En við gerum ekki athugasemdir við upphaflega erindið…. miðað við þessar útskýringar


**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**


---

**From:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Sent:** 11.11.2026 11:12
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>
**Cc:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Subject:** RE: Sérákvæði um umferð - Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu

Sæll Árni,

Ég rifjaði upp samtalið um þetta með hönnuðum og í stuttu máli þá er ekki skilgreind yfirborðsmerking fyrir akrein einungis ætlaðri akstri viðbragðsaðilum. Umferðarmerki 760.1 er merki sem „eru notuð ein og sér eða með örðum vegvísum til að vísa á neyðarþjónustu", það umferðarmerki gæfi því í raun til kynna að akreinin sé ætluð til aksturs að neyðarþjónustu (þ.e. hver sem er sem ætlar á spítalann) en gefur ekki til kynna að akreinin sé einungis ætluð akstri viðbragðsaðila. Við erum því nokkuð strand hvað varðar yfirborðsmerkingar, það væri hægt að nota texta ef það hafið tillögu að góðu orði til að merkja akreinina með en „viðbragðsaðilar" eða álíka er of langt m.v. þá stærð á letri sem á að vera skv. reglugerðinni.

M.b.k.,


**Bjarni Rúnar Ingvarsson**
Deildarstjóri samgangna

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Regnbogavottun


---

**From:** Bjarni Rúnar Ingvarsson
**Sent:** 9. november 2026 16:48
**To:** 'Árni Friðleifsson' <arni.fridleifsson@lrh.is>
**Cc:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Subject:** RE: Sérákvæði um umferð - Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu

Sæll Árni,

Ágætis pælingar, á hönnunarstigi var einnitt rætt hvaða yfirborðsmerkingar væri hægt að nota á akreinina, var þar helst rætt um að nota tákn úr umferðarmerki 760.1. Þess fyrir utan er reglugerð um umferðarmerki nokkuð rýr, þ.e. erfitt er að sjá með hvaða hætti ætti að bæta við yfirborðsmerkingum í samræmi við hana. Það kom einnig til tals að setja lit á yfirborð akreinarinnar til að gera skýrari mun milli almennra akreina annars vegar og þessarar akreinar hins vegar. Ég man því miður ekki hvernig það samtal endaði annað en að rauður hafi ekki komið til greina þar sem sá litur er notaður í öðrum tilgangi. NLSH heldur utan um framkvæmdina svo ég sendi póst á þau til að rifja þetta upp með mér, ég sendi á þig þegar ég fæ svör frá þeim.




M.b.k.,


**Bjarni Rúnar Ingvarsson**
Deildarstjóri samgangna

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Regnbogavottun


---

**From:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>
**Sent:** 9. november 2026 12:42
**To:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Sérákvæði um umferð - Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu

Góðan dag

Verður eystri akrein Túnfífilsgötu í norður milli Hringbrautar og Burknagötu ( einungis fyrir viðbragðsaðila) merkt á einhvern annan hátt en með umferðarmerkingu ? Einhver önnur aðgreining heldur en skilti ?


**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**


---

**From:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
**Sent:** 09.11.2026 08:40
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** Sérákvæði um umferð - Akreinar ætlaðar akstri viðbragðsaðila, biðskylda og gangbraut við Túnfífilsgötu og Burknagötu

Góðan dag.

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja


**Magnús Ársælsson**
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum
www.reykjavik.is/trunadur

Reykjavík

**Viðtakandi**: Samgöngustjóri
**Sendandi**: Deild samgangna

Reykjavík, 18. nóvember 2026
USK26010083

**TILLAGA**

---

***Sérákvæði - Reykjavegur & Hofteigur – fjögur stæði fyrir hreyfihamlaða***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að þrjú bifreiðastæði á bílaplani við skólaþorpið, Reykjavegi, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að eitt bifreiðastæði við austurenda Hofteigs, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:
Tillagan miðar að því að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að skólaþorpinu við Reykjaveg. Fyrirhuguð stæði eru staðsett við aðalinngang svæðisins þar sem aðgengi er gott og unnt að merkja þau í samræmi við gildandi reglur. Merking stæðanna mun bæta þjónustu við notendur sem þurfa á sérmerktum stæðum að halda. Því er lagt til að tvö bifreiðastæði verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Carl Henrik Larsson
*Deild samgangna*

Hjálagt: Teikning sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðra stæða

Reykjavík


ÚTBOÐSMÖRK
SKÓLALÓÐ LAUGARNESSKÓLA
Núv. trjágröður
Velst. kantsteinn
Hellur 40x40x6cm
Niðurtekinn kantsteinn
Núv. nf
Núv. tre
Hellur 10x20x8cm hvítar
Hellur fiskibeinam. 10x20x8cm
Kantsteinn 13X16X24
Bekkur
Núv. stigur
Núverandi kantsteinn rúnaður (fyrir rútur)
Nýtt malbik
Rútustæði/sleppistæði

Reykjavík

# ✉ RE: Sérákvæð - Reykjavegur - skólaþorp – Hofteigur – fjögur stæði fyrir hreyfihamlaða

| | |
|---|---|
| Móttekið | 20.11.2026 08:41:12 |
| Búið til dags. | 20.11.2026 08:42:35 |
| Tilheyrir | USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026 |
| Frá | Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is) |
| Til | Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is |

## Innihald

Engar athugasemdir.


**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**


---

**From:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
**Sent:** 19.11.2026 09:16
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** Sérákvæð - Reykjavegur - skólaþorp – Hofteigur – fjögur stæði fyrir hreyfihamlaða

Góðan dag.

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja


**Magnús Ársælsson**
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum
www.reykjavik.is/trunadur

Reykjavík

_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

**Viðtakandi**: Samgöngustjóri
**Sendandi**: Deild samgangna

Reykjavík, 19. nóvember 2026
USK26010083

**TILLAGA**

---

**Bann við umferð hesta á útivistarstígum austan við Mjódalsveg á Hólmsheiði**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að umferð reiðmanna og rekstur hrossa sé bannaður á útivistarstígum austan Mjódalsvegar á Hólmsheiði.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og, eftir því sem við á, yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:
Hestaumferð hefur verið áberandi á útivistarstígum sem ekki eru ætlaðir til reiðumferðar, með þeim afleiðingum að stígarnir hafa skemmst og viðhaldskostnaður aukist.
Umræddir stígar eru hluti af göngu- og útivistarkerfi svæðisins og eru fyrst og fremst ætlaðir gangandi vegfarendum. Reiðumferð um stígana getur valdið sliti á yfirborði þeirra, raskað aðgengi annarra notenda og haft neikvæð áhrif á öryggi og upplifun þeirra sem nýta svæðið til útivistar.

Markmið sérákvæðisins er að vernda innviði stígakerfisins, tryggja öryggi og skýra aðgreiningu milli mismunandi ferðamáta á svæðinu og stuðla að því að reiðumferð fari um leiðir sem sérstaklega eru ætlaðar hestum.
Með tillögunni er leitast við að bæta öryggi og stuðla að betri nýtingu útivistarsvæðisins á Hólmsheiði.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og hlotið samþykki hennar.

Virðingarfyllst,
Kristinn Jón Eysteinsson
*Deild samgangna*

Hjálagt: Loftmynd þar sem fyrirhugað er að setja upp tilgreindar merkingar.

Reykjavík




Reykjavík

# ✉ RE: Sérákvæði - bann við umferð hesta á útivistarstígum austan við Mjódalsveg á Hólmsheiði

| | |
|---|---|
| Móttekið | 20.11.2026 08:38:08 |
| Búið til dags. | 20.11.2026 08:40:33 |
| Tilheyrir | USK26010083 - Sérákvæði um notkun vega 2026 |
| Frá | Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is) |
| Til | Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is |

## Innihald

Engar athugasemdir.

**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

---

**From:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
**Sent:** 19.11.2026 11:02
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** Sérákvæði - bann við umferð hesta á útivistarstígum austan við Mjódalsveg á Hólmsheiði

Góðan dag.

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja

**Magnús Ársælsson**
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum
www.reykjavik.is/trunadur

Reykjavík

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur